

# Skólaráð

---

Skólaráð 4. nóvember 2014.

40. fundur

Fundur settur kl. 8.15

**Mætt voru:** María Pálmadótti skólastjóri, Sif Stefánsdóttir aðstoðarskólastjóri, Ólöf Kristín Einarsdóttir fulltrúi kennara, Hildur Guðmundsdóttir fulltrúi kennara, Ásta Eyjólfsdóttir fulltrúi annarra starfsmanna, Margrét Hanna fulltrúi foreldra og Kristín Thoroddsen, fulltrúi grenndarsamfélags.

1. Funda- og starfsáætlun skólaráðs
2. Skólastarfið framundan
3. Önnur mál

María Pálmadóttir setti fundinn, kynnti fundarmeðlimi, ítrekaði trúnað og lagði fram funda- og starfsáætlun fyrir skólaárið 2014 –2015. Stefnt er að því að ráðið fundi á þriðjudögum kl. 8:10 – 9:30.

**1. Funda og starfsáætlun skólaráðs:** Funda og starfsáætlun var rædd og breytingar á henni. Ræddum um skólaping og hvort við myndum hugsanlega hafa það annað eða þriðja hvert ár en fundinn vettvangur til samstarfs þegar þurfa þykir. Stefnt verður að því að leggja fram skólanámskrá 24. febrúar.

**2. Skólastarfið framundan:** Við fengum 1052 kennslustundir úthlutað á viku og hefur það verið aukið á milli ára, m.a. er það vegna þess að við fáum fleiri tíma vegna Bergs. Í fyrra fengum við 706 tíma til almennrar kennslu en í ár eru þeir 767. Kennslustundir sem eru ætlaðar til gæslu á viku eru 25 og hefur gengið vel að manna fólk til þeirra starfa. Við fáum á ári 160 klst. sem meðal annars eru ætlaðar til að borga fyrir félagsstörf, bekkjarkvöld og fleira, 300 klst. að auki fyrir önnur félagsstörf og 100 klst. ætlaðar fyrir Lauga og Reyki.

Um 60 starfsmenn eru á skrá þar af eru 40 kennarar. Flestir af kennurum skólans hafa afsalað sér kennsluafslætti í kjölfar nýrra kjarasamninga. Ræddum hugsanleg áhrif þess á skólahald á næsta ár og skipulag. Í stjórnun eru fjórir og jafnframt deildarstjóri í

## Skólaráð

---

Bergi í 50% starfi. Kolbrún náms- og starfsráðgjafi í 100% starfi, þrír þroskaþjálfar í 80, 90 og 100% starfi. Nýr húsvörður tók til starfa í haust. Stuðningsfulltrúar eru sjö í 50 – 100% stöðum og skólaliðar eru 10 í 20% - 70% starfshlutfalli.

Í baðvörslu eru tveir starfsmenn. Vaktafyrirkomulaginu hefur verið sagt upp eins og það hefur verið. Karlmann vantar í starf baðvarðar við íþróttahúsið.

Fórum yfir stöðu þróunarverkefna. Hófum innleiðingu á Olweusarverkefninu í haust og munum fylgja þeirri vinnu eftir í vetur. Okkur barst einnig verkefni í hendur sem kallast stýrð kennsla. Um er að ræða verkefni þriggja doktorsnema og munu þeir vinna að gagnaöflun hér innan skólans næstu þrjú ár. Byggir hún á virkni, æfingum og stýrðri kennslu.

Fagstjórn og teymi er með svipuðum hætti og í fyrra.

Mikil ánægja var með haustfundina (námefniskynningar, foreldrafærni, skólafærni). Foreldrar 8. bekkinga söknuðu þess þó að fá ekki námsefniskynningu á haustfundi þeirra.

María þakkaði fyrir stuðning frá Foreldrafélaginu og samstarfið við það. Ræddum m.a. fyrirlestur Vöndu Sigurgeirsdóttur sem fjallaði um vináttu, hvernig við þurfum að kenna vináttu og styðja við börnin til að eignast vini og halda vináttu. Jafnframt var ánægja með heimsókn Jóns Halldórssonar frá Dale Carnegie og fræðsla frá honum til foreldra og nemenda í 8. bekk.

**3. Önnur mál:** Kristín kom með fyrirspurn varðandi Maritafræðsluna. Hún var síðast fyrir tveimur árum.

Kristín óskaði líka eftir því að gerð yrði öryggisúttekt á skólalóðinni. María mun skoða það og leggja fyrir þær skýrslur sem við eigum varðandi úttektir á skólalóðinni.

Sérstaklega þarf að skoða vatn og mól á skólalóðinni. Ræddum öryggismál við skólann og mikilvægi þess að foreldrar gæti varúðar og sýni tillitssemi þegar þeir

## Skólaráð

---

keyra börn sín í skólann. Á næsta fundi skólaráðs verður betur farið yfir þessi mál og Hafsteinn húsvörður fenginn til að koma á næsta fund.

Fundi slitið kl. 09:30

Sif Stefánsdóttir ritaði fundargerð.